

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 62 (5.9.2022) - Deiliskipulag, Jörfi, Borgarfirði eystri

Málsnúmer : 202106006
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 05.09.2022

Inngangur : Vinnslutillaga nýs deiliskipulags við Jörfa og Dagsbrún á Borgarfirði var kynnt almenningi frá 25. maí til 15. júní 2022. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir og athugasemdir sem bárust á kynningartíma auk uppfærðrar tillögu, sett fram í greinargerð og á uppdrætti, dagsett 11. ágúst 2022. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til auglýsingar tillögunnar.

Jafnframt er lögð fram til kynningar húsaskráning sem unnin var í tengslum við skipulagsgerðina.

Niðurstaða : Vinnslutillaga nýs deiliskipulags við Jörfa og Dagsbrún á Borgarfirði var kynnt almenningi frá 25. maí til 15. júní 2022. Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir og athugasemdir sem bárust á kynningartíma auk uppfærðrar tillögu, sett fram í greinargerð og á uppdrætti, dagsett 11. ágúst 2022. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til auglýsingar tillögunnar.

Jafnframt er lögð fram til kynningar húsaskráning sem unnin var í tengslum við skipulagsgerðina.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við heimastjórn Borgarfjarðar að fyrirliggjandi tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.